

GJALDSKRÁ fyrir Rafveitu Borgarness.

Í gjaldskrá þessari eru taxtar reiknaðir í gjaldstigum, g. kWst. = kilóvattstund = orkueining, kw = kilóvatt = afleining
Verðgildi gjaldstigs skv. V. kafla: 1 g = kr. 8.10.

I. KAFLI RAFMAGNSSALA

Rafveita Borgarness selur rafmagn á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Orku- og afltaxtar (þ. e. kWst.-kw-taxtar).

11. Um mestafli-mæli:			
11.1 Fyrir hverja kWst.	0.3 g = kr.		2.40
11.2 Fyrir hvert árskilóvatt	1 600 g = —		12 960.00
11.3 Fast árgjald = grunngjald	1 600 g		
Fast árgjald = mæligjald, M1 ..	1 200 g 2 800 g = —		22 680.00
12. Um markafli-mæli:			
12.1 Fyrir hverja kWst.			
— allrar notkunar	0.3 g = —		2.40
— notk. umfram markstillingu	3 g = —		24.30
12.2 Fyrir hvert árskilóvatt	1 600 g = —		12 960.00
12.3 Fast árgjald = grunngjald	1 600 g		
Fast árgjald = mæligjald, M1 ..	1 200 g 2 800 g = —		22 680.00

2. Orkutaxtar (þ. e. kWst.-taxtar).

21. Um kWst.-mæli:			
21.1 Fyrir hverja kWst	1 g = kr.		8.10
21.2 Fast árgjald = grunngjald á kw			
skv. v.21	600 g = —		4 860.00
Fast árgjald = mæligjald, M2 ..	600 g = —		4 860.00
Lágmark: 5000 g/ári (sbr. v. 21).			
22. Um kWst.-mæli:			
22.1 Fyrir hverja kWst.			
— allt að 1200 kWst./ári	3 g = —		24.30
— umfram 1200 kWst./ári	2 g = —		16.20
22.2 Fast árgjald = mæligjald, M2 ..	600 g = —		4 860.00

3. Tímataxtar (þ. e. með skilyrðum um notkunartíma).

31. Um kWst.-mæli til hitunar:			
31.1 Án rofs	0.64 g = kr.		5.14
31.2 Allt að 1½ klst rof á sólarhring	0.36 g = —		2.90

31.3 Allt að 2½ klst rof á sólarhring	0.34 g = —	2.73
31.4 Allt að 4½ klst rof á sólarhring	0.27 g = —	2.17
31.5 Allt að 14½ klst. rof á sólarhring	0.19 g = —	1.53

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar skv. lið v. 31.

Taxtar 31. (1—5) eru án söluskatts, en hann innheimtist ekki af rafmagni til húshitunar.

Aðrir tímataxtar, er til greina kunna að koma, falla undir 4. lið.

Mæligjöld og rofagjöld skv. 2. kafla.

4. Sérákvæði um rafmagnssölu.

Begar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, að selja rafmagn eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til tveggja ára í senn. Undir þennan lið fellur raforka til götu- og hafnarlýsingar, með lágmarksgjaldi 1.3 g/kWst.

Önnur ákvæði og skýringar vegna einstakra taxta.

v. 11: Afnotkun mælist sem meðalálág í 15 mínútur.

v. 12: Lágmarksstilling markafis er 5 kw.

v. 21: Grunn gjald reiknast þannig:

a) vegna rafvéla fyrir föst vinnutæki:

af ástimpluðu rafafli, samanlagt reiknað í heilum kw.

b) vegna lýsingar o. fl.:

miðað er við 0.05 kw á hvern m² gólfflatar í rými því, sem lýsa skal. Samanlagt flatarmál skal reiknað í heilum fermetrum utanmáls rýmisins.

c) vegna rafmagns til heimila:

í stað gólfflatargjalds skv. b-lið, má reikna með 0.3 kw á hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús.

Herbergi stærra en 25 m² reiknast sem tvö.

Lágmarksgjald taxta 21 (kWst.-gjald + fast árgjald) er 5000 gjaldstig á ári. Í stað taxta 21 má velja taxta 22, ef hagkvæmara þykir.

v. 31: Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a) að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsnotkunar) að dómi rafveitustjóra.

b) að vélaafli, spennar og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

c) að straumur sé rofinn á tilskildum tímum með sjálfvirkum rofa, og kosti notandinn tengingu rofans og greiði leigu af honum skv. 2. kafla gjaldskrár.

d) að tæki, lagnir og allur búnaður í sambandi við rafhitunina sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum, m. a. ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

e) að notkun um mæli lagnarinnar sé minnst 6000 kWst./ári.

almennt:

a) Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.85, getur rafveitan krafist þess, að notandinn geri ráðstafanir til að hækka stuðulinn á sinn kostnað upp í það gildi, en greiði að öðrum kosti hærra verð fyrir raforkuna.

b) Rafveitustjóri getur bannað notkun tiltekinna tækja (t. d. rafsuðuspenna) eða takmarkað notkun þeirra á tilteknum tímum, ef nauðsyn krefur að hans dómi vegna truflana eða annarra annmarka af völdum þeirra.

c) Hitunartaxtar 31 standi jafnan á heilum eyri, en allir aðrir taxtar reiknast í heilum tug ára.

II. KAFLI MÆLAGJÖLD OG ROFAGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mæla, rofa og stýritækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða eftirfarandi árgjöld:

1. Af mælum, þ. e.:

— mestafli-mæli eða markafli-mæli	M 1 =	1 200 g =	kr. 9 720.00
— kWst.-mæli	M 2 =	600 g =	— 4 860.00

2. Af rofum, þ. e.:

— klukkurofa 80 A eða stærri	R 1 =	800 g =	— 6 480.00
— klukkurofa minni en 80 A	R 2 =	600 g =	— 4 860.00
— fjarstýribúnaði	R 3 =	600 g =	— 4 860.00

Af öðrum mælum og rofum en þeim, sem nefndir eru hér að framan, skal árgjaldið vera sem næst 20% af verði tækisins.

III. KAFLI TENGGIGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu. Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna skal greiða tengigjald sem hér segir:

1	2		3		4	
Gjald- skrár- liður	Málstraumur stofnvara í		Flutningsgeta		Tengigjöld skv. jöfnu	
	220 V kerfi A	380 V kerfi A	skv. stærð stofnvara eða spennis	kVA	g = 1500 + 150 × kVA Gjaldstig g	+ 150 × kVA Tengigjald kr.
T 1	2 × 60	1 × 60	0.22 × 60 =	13	3 400	27 540
T 2	3 × 60	2 × 60	0.38 × 60 =	22	4 800	38 880
T 3	3 × 100	3 × 60	0.38 × 100 =	38	7 200	58 320
T 4		3 × 100	0.66 × 100 =	66	11 400	92 340
T 5	3 × 200		0.38 × 200 =	76	12 900	104 490
T 6	3 × 350	3 × 200	0.66 × 200 =	132	21 300	172 530
T 7		3 × 350	0.66 × 350 =	231	36 100	292 410
T 8				300	41 500	336 150
T 9				500	76 500	619 650

Fyrir aðrar stærðir stofnvara eða spenna en hér er talið, skal reikna tengigjald eftir sömu jöfnu og að ofan, sbr. 3. og 4. dálk.

Önnur ákvæði:

a) um heimtaugar:

Tengigjaldið miðast við allt að 15 metra jarðstrengsheimtaug eða allt að 30 metra loftlínuheimtaug. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa eða töflu.

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metrana, þannig:

$$Y (J) = (200 + 3 \times \text{kVA}) \text{ gjaldstig á metra.}$$

Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 metrana, þannig:

$Y(L) = (40 + 2 \times \text{kVA})$ gjaldstig á metra, að viðbættum 2000 gjaldstigum á hvern stólpa í umframlínu.

b) um spennistöðvar:

Tengigjald skal reikna eftir stærð spennis, þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi þá leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar. Húsnæðið skal fullnægja að öllu leyti settum skilyrðum um gerð spennistöðvahúsa. Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu, en kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina kemur til frádráttar tengigjaldi skv. þessari gjaldskrá, þó aldrei meiri frádráttur en tengigjaldinu nemur.

c) almennt:

Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum, en í óskipulögðum hverfum skal greiða tengigjald eftir kostnaðarreikningi heimtaugar eða spennistöðvar. Tengigjald fellur í gjalddaga, þegar sótt er um heimtaug eða spennistöð. Fyrir bráðabirgðaheimtaug skal greiða sem svarar 1500 gjaldstigum eða eftir reikningi, ef um verulega hærri kostnað er að ræða.

IV. KAFLI OPNUNARGJÖLD

Opnunargjald nemur allt að 100 gjaldstigum, en skal standa á heilu hundraði króna og er nú samkvæmt því kr. 800.00.

Opnunargjaldið greiðist í þessum tilvikum:

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt á skrifstofu rafveitunnar gjald fyrir enduroppnun.

V. KAFLI VERÐGILDI GJALDSTIGS

Rafveitunni er heimilt að breyta verðgildi gjaldstigs til samræmis við breytingar á reksturskostnaði rafveitunnar. Skal þá reiknað eftir hlutfallsgrundvelli, sem fæst úr síðasta ársreikningi og fjárhagsáætlun rafveitunnar, enda sé grundvöllurinn samþykktur af rafveitunefnd og hreppsnefnd.

Hlutdeild kostnaðarliða í verðgildi gjaldstigsins er þannig, reiknað í % og krónum:

	Kennitölur reksturskostnaðar					
	Fyrri gildi 31/12 '74		Breyting stuðull	Núgildi		
	kr.	%		kr.	%	
a) Raforkukaup	2.944	47.1	1.39	4.092	50.5	
b) Launagjöld	0.756	12.1	1.25	0.945	11.7	
c) Efni og aðkeypt þjónusta	0.650	10.4	1.30	0.843	10.4	
d) Skrifstofukostn., opinber gjöld o. a.	0.175	2.8	1.30	0.227	2.8	
e) Vaxtakostnaður	0.162	2.6	1.30	0.211	2.6	
f) Söluskattur, verðjöfnunargjald ...	1.313	21.0	1.36	1.782	22.0	
Heildartölur	6.25	100	(1.29)	8.10	100	
Samþykkt verðgildi gjaldstigs: $g =$	kr. 6.25		kr. 8.10			
Samþykkt verðgildi dagsett	1/10 '74					

Gjaldskrárbreytingu má gera, ef reksturskostnaður hefur hækkað eða lækkað um 5% eða meira. Skal þá að jafnaði miðað við 1. janúar eða 1. júlí.

Fyrirhugaðar gjaldskrárbreytingar skulu tilkynntar Orkustofnun áður en þær taka gildi.

Verðgildi gjaldstigs reiknast í heilum tug aura.

Breytingar til hækkunar gjaldskrár þessarar eru háðar heimild iðnaðarráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 312 10. október 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 8. ágúst 1975.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 383.

10. ágúst 1975.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Akraness.

I. KAFLI

RAFORKUSALA

1. Almenn notkun.

Rafveita Akraness selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A.1. Til lýsingar:

Um kWst.-mæli á kr. 9.25 hverja kWst. auk fastagjalds er reiknast þannig:

Kr. 15.18 á mánuði af hverjum m² gólfflatar, er lýsa skal. Þó skal aðeins reikna helming gólfflatar til gjalda í göngum og geymslum o. þ. h. Einnig í sjúkrahúsum, elliheimilum og vistheimilum fyrir börn. Ákvæði þetta nær ekki til starfsmannabústaða þessara stofnana.

B.1. Til heimilisnotkunar:

Um kWst.-mæli kr. 7.85 hverja kWst. auk fastagjalds, er reiknast þannig:

Kr. 66.33 á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m² skal reikna sem hálf, en ef herbergi er stærra en 25 m² skal reikna hverja byrjaða 25 m² sem herbergi.

C.1. Til véla:

Um kWst.-mæli kr. 9.25 hverja kWst. auk fastagjalds, er reiknast þannig:

Kr. 196.10 á mánuði fyrir hvert kW í ástimpluðu rafafli fastra vinnuvéla. Eftir þessum lið má einnig selja raforku án fastagjalds til eldunar- og þvottatækja í sjúkrahúsum, elliheimilum, vistheimilum barna og í gisti- og veitingahúsum.

Um kWst.-mæli án fastagjalds, þannig:

A.2. Til lýsingar og ýmissa nota, sem ekki verður felld undir aðra liði gjaldskrárinnar:

Kr. 37.60 fyrir hverja kWst.

B.2. Til véla og vinnulagna í byggingum í smíðum og til véla við Akranesshöfn:

Kr. 19.60 fyrir hverja kWst.